

Nd.

488. Nefndarállt

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi (þskj. 149).

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta fer fram á það, að forstaða áfengisverslunar ríkisins verði falin forstjóra landsverslunarinnar, en honum heimilað að ráða mann með lyfsalaprófi til eftirlits með lyfjabúðum og áfengiskaupum þeirra, og til annara þeirra starfa, sem forstöðumaður áfengisverslunarinnar á að hafa á hendi samkvæmt nügildandi lögum og til þarf þekkingu í lyfjafræði.

Tilgangur frv. er talinn sá að spara tje við verslunarreksturinn, með því að sameina forstöðuna fyrir allri einkasöluverslun ríkisins á einni hendi. Nefndin hefir ekki getað fallist á, að sameining þessi mundi hafa neinn teljandi sparnað í för með sjer í framkvæmdinni, eftir því sem þessum málum er nú komið, og auk þess virðist hún ýmsum verulegum annmörkum bundin.

Áætlað er, að vinverslunin gefi í rikissjóð verslunarhagnað árið 1924 að upphæð 450 þús. kr., og auk þess áfengistoll nálægt 350 þús. kr., eða alls um 800 þús. kr. tekjur í rikissjóð. Það segir sig sjálf, að slíkt fyrirtæki er svo stórt og svo mikilla hagsmuna að gæta fyrir rikissjóð um rekstur þess, að fullkomlega er rjeltmætt að launa óskiftum manni til forstöðu þess.

Núverandi forstjóri áfengisverslunarinnar er fastráðinn til þriggja ára, og verður ekki breytt til sparnaðar um forstöðuna á því tímabili. Til forstöðunnar útheimtist mjög mikil sjerþekking, og það má telja vist, að ef núverandi forstjóri reynist vel í stöðu sinni þann tíma, sem hann er fastráðinn, þá verði beinn hagnaður að því að njóta þekkingar hans og reynslu þeirrar, er hann þá hefir fengið, áfram, móts við það að fela starfið nýjum, nokkru lægra launum lyfjafræðingi, undir yfirstjórn ósjerfróðs manns, eins og frv. fer fram á.

Hins vegar er á það að líta, að forstjóri landsverslunarinnar hefir nú næstu árin til umsjónar alla tóbaksverslun og steinolluverslun landsins. Áætlað er, að hin fyrnefnda gefi landssjóði í verslunar- og tolltekjur samtals um 650 þús. kr., og hin síðarnefnda er ein hin stærsta verslunargrein landsins, bæði að því er snertir vörumagn, viðskiftaveltu og fjölda viðskiftamanna. Það má því fullyrða, að forstjórn þessara tveggja verslunargreina sje nóg verk einum manni, og tvísýnt að forsvaranlegt sje að bæta þar við. Miklu fremur gæti komið til mála að sameina einungis tóbakseinkasöluna og vín-einkasöluna undir einni stjórn, eins og ýmsir höfðu hugsað sjer frá öndverðu, m. a. af því að sú verslun öll væri þá rekin með það eitt aðalmarkmið fyrir augum að afla rikissjóði tekna.

Í sambandi við þetta mál hefir nefndin tekið til athugunar, hvort ekki sje unt að færa niður starfrækslukostnað áfengisverslunarinnar án þess að breyta til um forstöðuna, og þykir henni sýnt, að talsvert fje mætti spara með því að útvega versluninni hentugra húsnæði. Vill nefndin að það sje gert, og það jafnvel þótt einhverja fjárhæð þyrfti að festa í því skyni, t. d. til húskaupa. Þá vill nefndin og, að afgreiðslan til einstakra manna sje gerð fyrirhafnarminni en nú er, og ber fram þau tilmæli til stjórnarinnar, að breytt sje reglugerðinni frá 18. júlí 1922 um sölu og veitingar vina á þá leið, að burtu falli ákvæðin um yfirlýsingu kaupanda og um sjerstaka vinsölubók.

Tveir nefndarmenn (B. H. og G. S.) láta þess getið, að þeir vilji að stjórnin athugi til næsta þings, hvort eigi muni tiltækilegt að sameina forstöðuna, þegar ráðningartími núverandi vinverslunarforstjóra er á enda.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að málið verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti til þess, að landsstjórnin geri nauðsynlegar ráðstafanir til þess að draga úr rekstrarkostnaði áfengisverslunarinnar, einkum með því að útvega versluninni hagkvæmara húsnæði og með því að gera afgreiðsluna til viðskiftamanna óbrotnari, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 30. apríl 1923.

Jón Þorláksson,
form. og frsm.

Magnús Jónsson,
skrif.

Björn Hallsson. Gunnar Sigurðsson.

Var ekki á fundi er mál þetta var afgreitt í nefndinni, og mun því gera grein fyrir skoðun minni á því í umræðunum.

Magnús Guðmundsson.